

skyldugir til að taka sorp hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sé um brot á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að ræða skal skrifstofa Rangárvallahrepps tilkynna það heilbrigðisnefnd, sem gera skal viðeigandi ráðstafanir.

11. gr.

Sorphreinsunarmönnum ber að haga störfum sínum á þann hátt að það valdi húseigendum sem minnstum óþægindum. Þeim er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim muni.

12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála og í samræmi við lög nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

IV. KAFLI

13. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Rangárvallahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júlí 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Pálsson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi.

1. gr.

Biðskylda verði á allar aðliggjandi húsagötur að Sæbólsbraut, aðalgötu.

2. gr.

Biðskylda verði á allar aðliggjandi húsagötur að Marbakkabraut, aðalgötu.

3. gr.

Biðskylda verði á Marbakkabraut gagnvart Sæbólsbraut.

4. gr.

Biðskylda verði á Álfaheiði gagnvart Álfhólsvegi.

5. gr.

Biðskylda verði á Vesturvör gagnvart Kársnesbraut.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 25. júní 1987.

Ásgeir Pétursson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

Að stöðvunarskylda verði á tengivegi af Hamraborg gagnvart umferð á Borgarholtsbraut/Digranesvegi.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 19. júní 1987.

Ásgeir Pétursson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið að umferð um Þórunnarstræti skuli njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð úr Hrafnagilsstræti samkvæmt ákvæðum 2., sbr. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga (stöðvunarskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarrar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 20. júlí 1987.

Elías I. Elíasson.

AUGLÝSING

um umferð í Njarðvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Njarðvíkur og skv. 65. gr. umfl. nr. 40/1968 eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Njarðvík:

Borgarvegur verður framvegis lokaður við Sjávargötu.

Keflavík, 22. júlí 1987.

Símon Ólason.

e. u.